



Varmahlíðarskóli óskar eftir starfsmanni í mötuneyti

Upphaf starfs:	1. janúar 2022.
Starfsheiti:	Matreiðslumaður/matráður IV.
Starfshlutfall:	95% starfshlutfall.
Lýsing á starfinu:	Í starfinu felst umsjón með öllu starfi í eldhúsi, skipulagning og framleiðsla máltíða fyrir skólann og leikskólann Birkilund, innkaup, frágangur og þrif.
Hæfniskröfur:	Matreiðslumenntun og/eða reynsla af vinnu í mötuneyti eða sambærilegu starfi er skilyrði. Faglegur metnaður og áhugi á að starfa í skapandi og metnaðarfullu umhverfi. Lipurð og sveigjanleiki í samskiptum, frumkvæði og sjálfstæði. Starfið felur í sér umgengni og samskipti við ólíka einstaklinga á öllum aldri. Lögð er áhersla á gagnkvæma virðingu, háttvísi, stundvísi og áreiðanleika í starfi. Hreint sakavottorð skv. lögum um grunnskóla. Viðkomandi þarf að hafa náð 20 ára aldri.
Vinnutími:	Dagvinna.
Launakjör:	Laun og önnur starfskjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga við hlutaðeigandi stéttarfélag.
Umsóknarfrestur:	Er til og með 30. nóvember 2021.
Nánari upplýsingar:	Hanna Dóra Björnsdóttir, skólastjóri Varmahlíðarskóla, í síma 455-6023 eða hannadora@varmahlidarskoli.is .
Umsóknir:	Umsóknum er greina frá menntun og fyrri störfum, ásamt prófskírteini ef við á, skal skilað í gegnum íbúagátt sveitarfélagsins eða gegnum heimasíðu sveitarfélagsins, www.skagafjordur.is (laus störf). Áhugasamir einstaklingar, óháð kyni, eru hvattir til að sækja um. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

Í Varmahlíðarskóla eru um 100 nemendur í 1.-10. bekk. Flestir nemendur skólans koma úr Varmahlíð og drefibýli í framanverðum Skagafirði. Varmahlíðarskóli leggur áherslu á faglegt og fjölbreytt starf. Námskjarni skólans er efling náms er meginviðfangsefni allra starfsmanna. Varmahlíðarskóli starfar sem heilsueflandi grunnskóli og leggur áherslu á velferð, hreyfingu og heilbrigða lífshætti. Skólinn starfar í anda Olweusaráætlunarinnar gegn einelti, hefur tileinkað sér aðferðir byrjendalæsis og markvissa notkun upplýsingatækni. Í verkgreinakennslu er áhersla lögð á endurnýtingu.